

Íslandsbanki

Afkoma á fyrri árs helmingi 2012

- Hagnaður eftir skatta var 11,6 milljarðar samanborið við 8,1 milljarð á fyrri árs helmingi 2011.
- Hagnaður eftir skatta af reglulegri starfsemi, þ.e. hagnaður eftir frádrátt einskíptiskostnaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi, var 7,2 milljarðar á árs helmingnum, samanborið 7,7 milljarða á sama tímabili í fyrra.
- Nettó tekjufærsla vegna endurmats lánasafnsins var jákvæð um 2,1 milljarð á fyrri árs helmingi, samanborið við 255 milljóna gjaldfærslu á sama tímabili í fyrra.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 17,9% á tímabilinu, samanborið við 12,9% á fyrri árs helmingi 2011. Arðsemi tímabilsins af reglulegri starfsemi var 11,1% á þessum árs helmingi, samanborið við 12,4% á sama tímabili árið 2011.
- Frá stofnun bankans hafa um 18.700 einstaklingar og um 3.200 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema um 394 milljörðum króna.
- Heildareignir við lok fyrri árs helmingis námu 789,9 milljörðum, samanborið við 792,4 milljarða í lok mars 2012.
- Heildarinnlán við lok fyrri árs helmingis námu 499,8 milljörðum, samanborið við 509,3 milljarða við lok mars 2012.
- Vaxtamunur var 4,0% á fyrri árs helmingi, samanborið við 4,8% fyrir sama tímabil 2011.
- Tveir nýir flokkar sértryggðra skuldabréfa voru seldir til breiðs hóps fagfjórfa á fyrri árs helmingi. Heildarfjárhæð flokkanna nam 3,3 milljörðum króna en var síðar aukin í 4,8 milljarða. Heildarútgáfa sértryggðra skuldabréfa stendur nú í 8,8 milljörðum króna.
- Eigið fé nam 135,5 milljörðum í lok tímabilsins, sem er hækkun um 10% frá árs lokum 2011. Eiginfjárlutfall var 23,5% í lok tímabilsins, sem er töluvert umfram það 16% lágmark sem FME setur bankanum.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

„Hálfsársuppgjörið endurspeglar vel fjárhagslegan styrk bankans. Íslandsbanki skilar góðri arðsemi, lausafjárstaða er mjög sterk og eiginfjárlutfall bankans er, líkt og fyrr, vel yfir lágmarkskröfum Fjármálaeftirlitsins.“

Þóknunatekjur bankans hafa aukist um 47% á milli ára sem má rekja til sameiningar Íslandsbanka og Byrs, innkomu Borgunar í samstæðuna auk þess sem umsvif hafa aukist á verðbréfamörkuðum. Sameiningin hefur hinsvegar einnig haft í för með sér einskíptiskostnað sem endurspeglast í hærri kostnaðarhlutföllum. Við gerum ráð fyrir að samlegðaráhrifin af sameiningunni verði komin að fullu fram á næsta ári.

Útlánaeftirspurn fer vaxandi og hafa ný útlán til einstaklinga og fyrirtækja aukist á tímabilinu. Þá hefur ERGO, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka, veitt jafn mikið af nýjum útlánum á fyrri helmingi þessa árs og allt síðasta ár.


Verkefnastaða tengd markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf er sterk og allt stefnir í að þau verkefni muni hafa jákvæð áhrif á þróun og uppbyggingu hlutabréfa- og fjármálamarkaðar á næstu misserum. Íslandsbanki seldi 10,29% hlut í Icelandair Group hf. á tímabilinu en það samræmist stefnu okkar að minnka eignarhluti í félögum óskyldum rekstri.

Sú jákvæða þróun sem virðist eiga sér stað í íslensku atvinnulífi er ánægjuleg en það er þó mikilvægt að hafa í huga að ástandið er brothætt. Þar ráða erlendrar markaðsaðstæður miklu auk þess sem ýmsir óvissuþættir eru enn fyrir hendi hér á landi.“


Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill - Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbertsdóttir, gudny.helga.herbertsdottir@islandsbanki.is og í síma 440 3678.

HAGNAÐUR ISKm



ARÐSEMI EIGIN FJÁR %



Helstu tölur	30.06.12	31.03.12
	ISKma	ISKma
Heildareignir	790	792
Heildarútlán	596	584
Heildarinnlán	500	509
Eigið fé	135	129
Vaxtamunur	4,0%	4,4%
Innlánahlutfall	84%	87%
Eiginfjárlutfall A (T1)	20,2%	19,7%
Eiginfjárlutfall B	23,5%	23,3%

Helstu tölur	1H12	1H11
	ISKma	ISKma
Arðsemi eigin fjár	17,9%	12,9%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	11,1%	12,4%
Hagnaður eftir skatta	11,6	8,1
Hagnaður af reglu.starfsemi	7,2	7,7
Kostnaðarhlutfall	52,0%	50,5%
Kostnaðarhlutfall af reglu.starfsemi	65,4%	50,8%

REKSTRARREIKNINGUR

ISK m	1H12	1H11	2011	2010
Hreinar vaxtatekjur	15.684	16.303	31.225	34.874
Virðisbreyting útlána og krafna	2.069	-255	-1.296	14.507
Almennt virðisrýrnun	-270	-155	76	-514
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingar	17.483	15.893	30.005	48.867
Hreinar þóknatekjur	4.426	3.013	5.966	7.380
Hreinn gengishagnaður (tap)	879	336	937	-963
Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	1.876	-468	2.649	-910
Aðrar rekstrartekjur	589	656	894	1.186
Rekstrartekjur samtals	25.253	19.430	40.451	55.560
Laun og launatengd gjöld	-6.620	-4.969	-10.531	-9.207
Annar rekstrarkostnaður	-5.997	-4.405	-9.339	-8.659
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	-526	-432	-965	-607
Rekstrarkostnaður samtals	-13.143	-9.806	-20.835	-18.473
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	-17.872	0
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	39	0
Hagnaður fyrir skatta	12.110	9.624	1.781	37.087
Tekjuskattur	-2.997	-2.067	-75	-7.214
Bankaskattur	-407	-344	-682	-221
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	2.919	849	841	-283
Hagnaður ársins	11.624	8.062	1.866	29.369
Hagnaður af reglulegri starfsemi	7.173	7.711	13.905	17.756

Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreind sem hagnaður eftir frádrátt einskiptiskostnaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánaþókninni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar, og nettó hagnaður vegna aflagðrar starfsemi.


HAGNAÐUR

- Hagnaður eftir skatta var 11.624 milljónir króna á fyrri árs helmingi 2012, en var 8.062 milljónir yfir sama tímabili í fyrra. Þetta samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 17,9%, samanborið við 12,9% á 1H11.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 7.173 milljónum króna og samsvarandi arðsemi eigin fjár 11,1%. Til samanburðar var hagnaður af reglulegri starfsemi 7.711 milljónir króna á fyrri árs helmingi 2011, sem samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 12,4%.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður eftir frádrátt einskiptiskostnaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánaþókninni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar, og nettó hagnaður vegna aflagðrar starfsemi.


TEKJUR

- Bankinn hefur lagt áherslu á stöðugar grunntekjur. Á fyrri ársfjórðungi 2012 halda grunntekjustoðir áfram að skapa stóran meirihluta af rekstrartekjum, en yfir 80% af rekstrartekjum bankans koma frá hreinum vaxtatekjum og hreinum þóknatekjum.
- Hreinar vaxtatekjur á fyrri árs helmingi námu 16.303 milljónum króna, samanborið við 15.684 milljónir á sama tímabili í fyrra. Lækkunin fylgir áætlunum um þróun afsláttar af lánaþók. Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðaltali heildareigna, var 4,0% á tímabilinu, samanborið við 4,8% á 1H11 og 4,5% fyrir árið 2011.

HREINAR VAXTATEKJUR ISKm



VAXTAMUNUR %



REKSTRARREIKNINGUR – frh.

- Hreinar þóknatekjur námu 4.426 milljónum, samanborið við 3.013 milljónir fyrir sama tímabil árið 2011, sem er 47% hækkun milli tímabila. Hækkunina má m.a. rekja til samruna við Byr, komu nýrra þóknadadrifinna dótturfélaga inn í samstæðuna og aukinna umsvifa á íslenskum verðbréfamörkuðum. (Borgun er inni í samstæðu á fyrri árshefning 2012, en félagið fór út úr samstæðunni í mars 2011 þar til samruninn við Byr gekk í gegn í desember.)
- Hreinn gjaldeyrishagnaður á fyrri árshefningi, sem skýrist að mestu af veikingu krónunnar, nam 879 milljónum, samanborið við 336 milljón króna hagnað á fyrri árshefningi 2011. Gjaldyrisójöfnuður bankans er innan þeirra marka sem eftirlitsaðilar setja bankanum, en hann hefur farið minnkandi samfara fjárhagslegri endurskipulagningu á lánabókinni.
- Hreinar fjármunatekjur, sem eru að stærstum hluta gengishagnaður af hlutabréfum, námu 1.876 milljónum á fyrri árshefningi 2012, samanborið við tap upp á 468 milljónir fyrir sama tímabil 2011.
- Aðrar rekstrartekjur, sem að megninu til samanstanda af leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga námu 589 milljónum, samanborið við 656 milljónir á sama tímabili 2011.


KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall var nokkuð stöðugt í 52,0% á fyrri árshefningi, samanborið við 50,5% fyrir fyrri árshefning 2011 og 51,5% fyrir allt árið 2011.
- Kostnaðarhlutfall bankans af reglulegri starfsemi, reiknað sem hlutfall af heildarrekstrarkostnaði yfir hreinum vaxta- og þóknatekjum, var 65,4% á fyrri árshefningi 2012, samanborið við 50,8% á sama tímabili 2011.
- Heildarrekstrarkostnaður nam 13.143 milljónum á fyrri árshefningi 2012, samanborið við 9.806 milljónir yfir sama tímabil 2011. Hluta hækkunarinnar má skýra með samruna við Byr og tengdum kostnaði, sérstaklega sérfræðikostnaði og upplýsingatækni mála, auk nýrra dótturfélaga.
- Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda hækkaði um 94 milljónir á milli ára, eða frá 432 milljónum á 1H11 yfir í 526 milljónir á 1H12, vegna lagabreytinga sem áttu sér stað 2012 og þróunar á heildarinnlánum bankans.
- Laun og launatengd gjöld námu 6.620 milljónum á árshefningnum, samanborið við 4.969 milljónir á 1H11. Aukningin er einkum fólgin kostnaði tengdum samruna við Byr og nýrri skattheimtu á fjármálafyrirtæki sem kynnt var 2012 og nemur 5,45% á heildarlaun.
- Meðalfjöldi stöðugilda hjá bankanum var 1.112 á fyrri árshefningi, en aukningu má rekja að mestu til samrunans við Byr.


SKATTAR

- Tekjuskattur á fyrri árshefningi 2012 var 2.998 milljónir, samanborið við 2.067 milljónir fyrir sama tímabil 2011. Skattheimta hefur aukist töluvert á árinu, en tekjuskattur fyrirtækja var hækkaður úr 18% í 20%. Þar að auki þurfa fjármálafyrirtæki að borga aukalega 6% á hagnað yfir 1 milljarð króna.
- Bankaskattur, sem var innleiddur árið 2010 og reiknast sem 0,041% af heildarskuldum næstliðins árs, var 407 milljónir króna á fyrri árshefningi, samanborið við 344 milljónir króna fyrir 1H11. Innifalið í þessu er tímabundin skattheimta til að greiða uppbót á vaxtabætur, sem reiknast sem 0,0875% af heildarskuldum næstliðins árs.


HREINAR ÞÓKNATEKJUR ISKm




REKSTRARKOSTNAÐUR (án v.vildar) ISKm




KOSTNAÐARHLUTFÖLL (án v.vildar) %



MEÐAL STÖÐUGILDI (móðurfélag) FTE



SKATTAR ISKm




REKSTRARREIKNINGUR – frh.

HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARSFEMI

- Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 2.919 milljónir á fyrri árshefningi, samanborið við 849 milljónir á 1H11. Aukninguna má helst rekja til sölu á Jarðborunum, en dótturfyrirtæki bankans Miðengi fór með eignarhlutinn, leigutekna og tekna frá fullnustueignum.

SKIPTING REKSTRARTEKNA
%




EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	ISKm	30.06.12	31.03.12	31.12.11
Handbært fé og innstæður í SÍ		72.072	78.398	57.992
Afleiðusamningar		306	205	339
Skuldabréf og skuldagerningar		50.386	55.579	58.662
Hlutabréf og eiginfjárgerningar		9.870	12.736	11.107
Útlán til lánastofnana		50.218	46.461	43.655
Útlán til viðskiptavina		545.898	537.847	564.394
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum		912	917	1.070
Varanlegir rekstrarfjármunir		5.629	5.530	5.276
Óefnislegar eignir		608	580	544
Tekjuskattsinneign		1.997	2.049	2.629
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		39.149	39.723	42.690
Aðrar eignir		12.892	12.393	7.557
Heildareignir		789.937	792.418	795.915


EIGNIR

- Heildareignir bankans námu 789.937 milljónum við lok fyrri árshefningu, samanborið við 792.418 milljónir við lok fyrsta ársfjórðungs 2012.
- Lán til viðskiptavina námu 545.898 milljónum við lok júní 2012, samanborið við 537.847 milljónir króna við lok mars. Er þetta fyrsti fjórðungurinn þar sem ný útlán eru umfram inngreiðslur.
- Gert er ráð fyrir að endurskipulagning stærstu fyrirtækjaútlána verði lokið við árslok 2012 og fyrir alla lánabókina við árslok 2013.
- Skuldabréf og skuldagerningar voru 50.218 milljónir, sem samanstendur aðallega af G5 ríkisskuldabréfum.
- Hlutabréf og eiginfjárgerningar voru 9.870 milljónir, en lækkun frá 12.736 milljónum við lok mars má að mestu rekja til sölu á hlutabréfum í Icelandair.
- Fastafjármunir til sölu voru 39.149 milljónir við lok júní 2012, samanborið við 39.723 milljónir við lok mars. Lækkunin er að hluta tilkomin vegna sölu á eignarhluta dótturfélags Íslandsbanka, Miðengis, í Jarðborunum.

HEILDAREIGNIR
ISKm



ÚTLÁN EFTIR GEIRUM
%



EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	ISKm	30.06.12	31.03.12	31.12.11
Fjárskuldir		11.154	10.596	9.346
Afleiðusamningar		5.377	5.761	4.027
Innlán lánastofnana og Sí		41.914	52.470	62.845
Innlán viðskiptavina		457.887	456.821	462.943
Lántaka		66.513	65.647	63.221
Víkjandi lán		21.853	23.303	21.937
Skattskuldir		1.156	2.706	2.670
Tekjuskattsskuldbinding		238	19	17
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		5.761	6.482	7.317
Aðrar skuldir		42.603	39.193	37.889
Heildarskuldir		654.456	662.998	672.212
Eigið fé		135.481	129.420	123.703
Heildarskuldir og eigið fé		789.937	792.418	795.915

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ


- Heildarskuldir námu 654.456 milljónum króna við lok fyrri árshefningu 2012, samanborið við 662.998 milljónir króna við lok mars.
- Innlán viðskiptavina hafa verið stöðug á tímabilinu, eða 457.887 milljónir við lok júní, samanborið við 456.821 milljónir við lok mars. Hlutfall innlána á móti útlánnum var 83,8% og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum var 83,9% við lok júní 2012.
- Bankinn er með víkjandi lántöku að upphæð 21.853 milljónir króna, sem er Tier II ríkisskuldabréf að upphæð 138 milljónir evra sem fylgdi samkomulagi Glitnis og íslenska ríkisins í september 2009.
- Við lok júní var eigið fé bankans 135.481 milljón, samanborið við 129.420 milljónir við lok mars, sem er hækkun um 5% og 10% hækkun frá áramótum.
- Eiginfjárlutfall A var 20,2% og eiginfjárlutfall B var 23,5% sem er vel yfir því 16% lágmarki sem FME hefur sett bankanum. Eiginfjárlutföll hafa hækkað samhliða uppsafnaðs hagnaðar, en ef ekki væri fyrir nýja túlkun á reglum um áhættuvegnar eignir hefði eiginfjárlutfall bankans hækkað um 0,7%.

FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Bankinn hefur að mestu verið fjármagnaður með innlánnum frá stofnun hans árið 2008.
- Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að gefa út sértryggð skuldabréf í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi eftir hrún. Þar með var stigið mikilvægt skref í að auka breidd í fjármögnun bankans en innlán hafa verið undirstaða fjármögnunar hans frá stofnun 2008. Íslandsbanki hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega.
- Mikil eftirspurn var eftir bréfunum sem voru seld til breiðs hóps fagfjárfesta. Á nýju ári var tveimur nýjum flokkum sértryggðra skuldabréfa bætt við og nemur heildarstærð útgáfu sértryggðra skuldabréfa nú 8,8 milljörðum króna.
- Bankinn er ekki háður fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og hefur ekki þörf fyrir slíka fjármögnun til skemmri tíma. Bankinn hefur engu að síður kannað þá möguleika sem honum stendur til boða í þeim efnum og mun nýta þau tækifæri sem gefast til að fjármagna stækkun á lánabókinni ef til þeirra kemur.


INN-LÁN - MÓÐURFÉLAG

ISKma



EIGINFJÁRLUTFALL

%



FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjors á neðangreindum dagsetningum.

- 3Q2012 – 29. nóvember 2012
 - Þögult tímabil 18.-28. nóvember
- 4Q2012 – 7. mars 2013
 - Þögult tímabil 25. febrúar – 6. mars
- Aðalfundur – Apríl 2013

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.